

# Doktorar í læknisfræði 2018-2019



Myndir: Kristinn Ingværsson

**SAMÚEL SIGURÐSSON** varði doktorsritgerð sína í læknávisindum við læknadeild Háskóla Íslands. Ritgerðin heitir: *Áhrif bólusetningar með prótein-tengdu pneumókokka bóluefni á pneumókokka í nefkoki og sýkingar af völdum pneumókokka í íslenskum börnum.*

Andmælendur voru Adam Finn, prófessor í barnalækningum við Háskólann í Bristol, og Richard Malley, prófessor við Harvard-háskóla í Boston.

Umsjónarkennari var dr. Ásgeir Haraldsson, prófessor, og leiðbeinandi Karl G. Kristinsson, prófessor. Auk þeirra sátu í doktorsnefnd Birgir Hrafnkelsson, prófessor við raunvísindadeild, Helga Erlendsdóttir, aðjunkt við læknadeild, og Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir.

**Ágrip af rannsókn:** *Streptococcus pneumoniae*, pneumókokkar, eru á meðal algengustu baktería sem valda miðeyrnabólgu og lungnabólgu í börnum og geta valdið alvarlegum sýkingum eins og heilahimnubólgu og blóðeitrun. Bólusetningu gegn 10 algengustu, meinvirkustu og/eða sýklalyfjaónæmustu hjúpperðunum var bætt í ungbarnabólusetningar á Íslandi árið 2011. Markmið rannsóknarinnar var að meta áhrif bólusetningarinnar á berahlutfall pneumókokka og á sýkingar af völdum þeirra í bólusettum íslenskum börnum samanborið við fyrri árganga. Rannsóknin sýnir að sjúkdómsbyrði pneumókokka hefur minnkað umtalsvert í íslenskum börnum frá upphafi bólusetningar árið 2011.

**Doktorsefnið:** Samúel Sigurðsson (1988) lauk B.Sc.-prófi í læknisfræði 2013 frá Háskóla Íslands og kandidateisprófi í læknisfræði frá sama skóla 2017.



**ANDRI LEÓ LEMARQUIS** varði doktorsritgerð sína í læknávisindum við læknadeild Háskóla Íslands. Ritgerðin heitir *Klínísk mynd og ónæmissvar einstaklinga með sértækan IgA skort.*

Andmælendur voru Rita Carsetti, prófessor við Ospedale Pediatrico Bambino í Róm, og Valtýr Stefánsson Thors, aðjunkt í barnalækningum við læknadeild.

Umsjónarkennari og leiðbeinandi var Björn Rúnar Lúðvíksson, prófessor við læknadeild, og meðleiðbeinandi var Una Bjarnadóttir, lífefnafræðingur. Auk þeirra sátu í doktorsnefnd Ásgeir Haraldsson og Ingileif Jónsdóttir, prófessorar við læknadeild, og René Toes, prófessor við Leiden University Medical Center í Hollandi.

**Ágrip af rannsókn:** Markmið rannsóknarinnar var að greina klínísku og ónæmisfræðilega mynd sértæks IgA-skorts (sIgAD). Notast var við klínísku greiningu, frumugreiningu eitifrumna, sjálfsónæmismótefna-mælingu og boðefnamælingar til betri skilgreiningar á einstaklingum með gallann. Meginniðurstöður eru því að í sértækum IgA-skorti er tenging milli klínískrar myndar sjálfsónæmis, sýkinga, ofnæmissjúkdóma og röskunar ónæmissvars er tengist B-frumuproskun með tilheyrandi ofseytingu ónæmisþátta og sjálfsónæmismótefnaseytingu.

**Doktorsefnið:** Andri Leó Lemarquis (1989) lauk kandidateisnámi í læknisfræði frá Háskóla Íslands 2017. Andri Leó hóf doktorsnám samhliða kandidateisnámi í læknisfræði árið 2013 undir handleiðslu Björns Rúnars Lúðvíkssonar prófessors. Auk þessa hefur Andri unnið að skrifum og erfðagreiningu undir handleiðslu prófessors Olovs Ekwall og sérhæfir sig í barnalæknisfræði við Sahlgrenska sjúkrahúsið.